



Reykjavík 07.09.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. september 2017 varðandi eftirfarandi mál.


Deilibílar

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, varðandi gjaldskrá vegna stæða undir deilibíla-leigur á borgarlandi Reykjavíkur.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

TILLAGA AÐ GJALDSKRÁ

vegna stæða undir deilibíla-leigur á borgarlandi Reykjavíkur

1. gr.

Deilibílaþjónustur, sem þess óska, geta fengið úthlutað stæði undir deilibílaþjónustu á borgarlandi og á lóðum/bílastæðahúsum í eigu borgarinnar, á gjaldskrárverði, gegn því að standast ákveðnar gæðakröfur/skilyrði sem lýst er í verklagsreglum.

2. gr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skal innheimta gjöld vegna deilibílastæða samkvæmt þessari gjaldskrá ársfjórðungslega.

3. gr.

Deilibíla-leigu ber að greiða ársfjórðungslega fyrir leigu af úthlutum bílastæðum á borgarlandi Reykjavíkur, samkvæmt eftirfarandi:

Staðsetning	Tegund bílastæðis	Gjald (kr)	
		Á mánuði	Á ári
Við götukant	Ekki gjaldskylda	2.500	30.000
Við götukant eða á bílastæðalóð	Gjaldskylda (P1)	48.333	580.000
	Gjaldskylda (P2)	6.667	80.000
	Gjaldskylda (P3)	5.000	60.000
Bílastæðalóð (t.d. við skóla, sundlaugar og bókasöfn)	Ekki gjaldskylda	2.500	30.000
Bílahús	Gjaldskylda	5.100 til 12.300	61.200 til 147.600

4. gr.

Umsækjanda er gefin undanþága frá leigu á hverju úthlutuðu bílastæði, fyrstu 12 mánuði frá uppsetningardegi þess og 50% afsláttur í 12 mánuði þar á eftir.

5. gr.

Reykjavíkurborg mun endurskoða gjaldskrá árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og með hliðsjón af almennum bílastæðagjöldum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var staðfest í borgarstjórn Reykjavíkur þann xx.xxxx 2017.



TILLAGA AÐ VERKLAGSREGLUM

vegna stæða undir deilibíllaleigur á borgarlandi Reykjavíkur

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaft við úthlutun bílastæða á borgarlandi Reykjavíkur vegna deilibíllþjónustu. Deilibíllþjónustur, sem þess óska, geta fengið úthlutað stæði undir deilibíllþjónustu á borgarlandi og á lóðum/í bílastæðahúsum í eigu borgarinnar, á gjaldskrárverði, gegn því að standast ákveðnar gæðakröfur/skilyrði sem lýst er hér á eftir.

2. Orðskýringar

- 2.1. *Deilibíll* er bifreið sem er í eigu og rekin af deilibíllaleigu.
- 2.2. *Deilibíllaleiga* er samtök eða fyrirtæki sem býður upp á aðgengi að deilibílum gegn gjaldi þar sem deilibíllar eru bókanlegir frá einni klukkustund upp í nokkra daga af meðlimum deilibíllaleigunnar.
- 2.3. *Meðlimur í deilibíllaleigu* er einstaklingur/fyrirtæki sem hefur uppfyllt skilyrði deilibíllaleigunnar og greitt til að fá aðgengi að deilibílum hennar.
- 2.4. *Deilibíllastæði* er stæði fyrir deilibíl. Stæðið er merkt nafni deilibíllaleigunnar.

3. Skyldur deilibíllaleigu

- 3.1. Áskilin þjónusta deilibíllaleigu
- 3.1.1. Deilibíllar skulu vera bókanlegir frá einni klukkustund upp í nokkra daga.
- 3.1.2. Deilibíllaleiga þarf að sjá til þess að hægt sé að bóka bíl í gegnum netsíðu eða snjallsíma-app.
- 3.1.3. Deilibíllaleiga skal bjóða upp á þjónustuver. Meðlimir eiga alltaf að geta hringt inn til að tilkynna umferðaróhapp eða vandamál, til dæmis við bókun.
- 3.1.4. Deilibíllaleigur eiga að halda rafrænt yfirlit yfir notkun deilibílla.
- 3.2. Kynningarmál
- 3.2.1. Deilibíllaleigur eru ábyrgar fyrir því að markaðssetja þjónustu sína.
- 3.3. Gögn
- 3.3.1. Deilibíllaleiga mun upplýsa Reykjavíkurborg um fjölda deilibílla, staðsetningu þeirra og grunnupplýsingar (árgerð, tegund) um sérhvern deilibíl sem er í notkun hverju sinni, óháð því hvort deilibíll er staðsettur á borgarlandi eður ei.
- 3.3.2. Til að gera Reykjavíkurborg kleift að meta árangur á innleiðingu deilibílla og taka upplýstar ákvarðanir um framhald deilibíllþjónustu í borginni, þurfa deilibíllaleigur að safna upplýsingum um notkun deilibílla og deilibíllastæða, sem og meðlimaupplýsingar (ekki persónuþekjanlegar). Til viðmiðunar gætu eftirfarandi upplýsingar verið veittar til borgarinnar ársfjórðungslega eða á hálfis árs fresti:

Upplýsingar um hvern deilibíl

- a. Fjöldi bókaðra klukkustunda á mánuði
- b. Fjöldi bókana á mánuði
- c. Nýtingarhlutfall bifreiða á mánuði
- d. Fjöldi ekinna kílómetra á mánuði
- e. Meðallengd ferða á mánuði
- f. Fjöldi ferða yfir 50 km á mánuði
- g. Fjöldi ferða á vikudögum samanborið við helgardaga

Meðlimaupplýsingar

- a. Fjöldi meðlima á mánuði (greinarmunur gerður á fyrirtækja-meðlimum og einstaklingum).
- b. Fjölgun meðlima í hverjum mánuði
- c. Fjölgun meðlima eftir svæðum, t.d. hverfum/póstnúmerum.

3.3.3. Deilibíllaleiga gerir ferðavenjukönnun árlega meðal meðlima sinna. Með þeim hætti er hægt að skilja betur hvernig deilibíllar hafa áhrif á ferðavenjur íbúa. Könnunin skal vera unnin í samráði við Reykjavíkurborg.

3.4. Kröfur um deilibíla

- 3.4.1. Deilibíllar skulu vera vel merktir deilibíllaleigu til að auðvelda meðlimum deilibíllaleigunnar og almenningi að þekkja bílana.
- 3.4.2. Deilibíllaleiga skal leitast við að bjóða upp á visthæfar bifreiðar.
- 3.4.3. Deilibíllar skulu ekki vera á negldum hjólbörðum.
- 3.4.4. Bifreið skal ekki vera lengri en 5,3 metrar eða breiðari en 2 metrar nema með leyfi Reykjavíkurborgar.

4. Úthlutun deilibíllastæða

- 4.1. Reykjavíkurborg tekur við umsóknum um deilibíllastæði, metur umsóknir og útfærir endanlega staðsetningu deilibíllastæða í samráði við deilibíllaleigu og gerir samninga þar um.
- 4.2. Umsókn skal berast til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, Borgartúni 12-14, ásamt eftirtöldum fylgigögnum:
 - a) Nafn á deilibíllaleigu
 - b) Tillaga að staðsetningum
 - I. Nafn á götu og næstu gatnamótum
 - II. Kort eða mynd af ákjósanlegum staðsetningum
 - III. Upplýsingar um bifreiðar sem munu vera staðsettar í úthlutuðum bíllastæðum.
 - c) Ósk um dagsetningu sem bíllastæði verði tilbúið til úthlutunar.
 - d) Lýsing á því hvernig deilibíllaleiga ætlað að uppfylla skyldur, samkvæmt verklagsreglum.
- 4.3. Umsækjandi skal útvega Reykjavíkurborg skilti sérmerkt deilibíllaleigu til að auðkenna deilibíllastæði og greiðir umsækjandi fyrir skiltið. Reykjavíkurborg leiðbeinir og samþykkir hönnun skilta.

- 4.4. Deilibíllaleigu er heimilt að merkja yfirborð bílastæða í samráði við Reykjavíkurborg. Deilibíllaleiga er ábyrg fyrir að fjarlægja yfirborðsmerkinguna að umsömdum tíma liðnum.
- 4.5. Við úthlutun deilibílastæðis skuldbinda deilibíllaleigur sig að hafa deilibíl í bílastæðinu a.m.k. í ár, nema að annað sé tilgreint í samningi.
- 4.6. Reykjavíkurborg hefur ekki eftirlit með deilibílastæðum, þ.e. hvort öðrum en viðeigandi deilibíl, er lagt í deilibílastæði sem deilibíllaleiga hefur umráð yfir.

5. Skyldur Reykjavíkurborgar

5.1. Reykjavíkurborg:

- 5.1.1. Annast uppsetningu skiltis og viðhaldi deilibílastæða, (sjá nánar gr. 4 um úthlutun deilibílastæða).
- 5.1.2. Staðsetur hjólagrindur nálægt deilibílastæðum þar sem þörf er á.
- 5.1.3. Veitir upplýsingar um deilibílláþjónustu á vefsíðu borgarinnar.
- 5.1.4. Leitar leiða til að hvetja íbúa og fyrirtæki að nýta sér deilibíllaleigur og upplýsa almenning um ávinning deilibíla.
- 5.1.5. Vegna viðburða eða framkvæmda getur orðið skerðing á aðgengi að deilibílastæði. Reykjavíkurborg mun eftir fremsta megni láta deilibílláþjónustuna vita með góðum fyrirvara og finna tímabundið annað stæði, sé þess þörf. Reykjavíkurborg er ekki skaðabótaskyld vegna þessa, hvort sem annað stæði er útvegað tímabundið eða ekki.

6. Tryggingar

- 6.1. Deilibíllaleigu ber að hafa starfsábyrgðatryggingu eins og kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 840/2015.
- 6.2. Allir deilibíllar skulu hafa bifreiðatryggingu og vera skráðir hjá Samgöngustofu, sbr. lög um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015.

7. Endurskoðun

- 7.1. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt á að endurskoða verklagsreglur vegna stæða undir deilibíllaleigur á borgarlandi Reykjavíkur árlega, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum.

8. Gjaldskrá

- 8.1. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar innheimtir gjöld vegna deilibílastæða ársfjórðungslega. Sjá nánar gjaldskrá, samþykkt í borgarráði **xxxxx 2017.**